



# Almenn viðbragðsáætlun ef sýking kemur upp hjá ferðamanni

Forsvarsmaður fyrirtækisins hefur kynnt sér ritið [Atvinnulíf og vinnustaðir COVID-19](#)

1. Ef grunur vaknar um sýkingu hringið í síma 1700 en 112 í neyðartilfellum.
2. Farið eftir ráðleggingum heilbrigðisstarfsfólks vegna samskipta við hinn smitaða o.fl..
3. Upplýsið starfsmenn.
4. Einangrið viðkomandi ferðamann og tilnefnið einn starfsmann til að veita honum nauðsynlega þjónustu.
5. Tryggið grímunotkun beggja og haldið fjarlægð eins og kostur er ásamt því að huga að öðrum einstaklingsbundnum sóttvörnum þ.e. handþvotti og sprittnotkun.
6. Tryggið að allir, starfsmenn og gestir/viðskiptavinir, noti grímur.
7. Þrífið og sótthreinsið alla hugsanlega snertifleti og búnað þar sem viðkomandi ferðamaður og samferðamenn gætu hafa verið eða notað.
8. Skráið niður nafn, síma, netfang og kennitölu allra sem hafa verið í nánum samskiptum við hinn smitaða og upplýsingum komið til rakningarteymis.
9. Eftir að ferðamaður er farinn á brott úr einangrun þarf að hreinsa/þrífa svæðið sem hann hefur dvalið á með sérstökum hætti sbr. [þessar leiðbeiningar](#).
10. Kallið út bakvarðasveit (aðstoðarfólk) í stað starfsfólks sem þarf að fara í sóttkví eða er veikt.



## Almenn viðbragðsáætlun ef sýking kemur upp hjá starfsmanni

Starfsmenn hafa fengið skýr fyrirmæli um að mæta ekki til vinnu ef þeir finna fyrir einkennum sem lýst geta smiti. Einnig ef þeir eru í sóttkví. Ef starfsmaður finnur fyrir einkennum á meðan á vinnutíma stendur skal hann láta yfirmann strax vita.

1. Ef grunur vaknar um sýkingu hjá starfsmanni hringið í síma 1700 en 112 í neyðartilfellum.
2. Farið eftir ráðleggingum heilbrigðisstarfsfólks vegna samskipta við hinn smitaða o.fl..
3. Starfsmaður fer heim eða afsíðis eins fljótt og hægt er. Ef viðkomandi starfsmaður þarf einhverja aðhlynningu er best að útnefna einn starfsmann sem veitir honum nauðsynlega aðstoð þar til hann yfirgefur vinnustaðinn.
4. Tryggið grímunotkun beggja og haldið fjarlægð eins og kostur er ásamt því að huga að öðrum einstaklingsbundnum sóttvörnum þ.e. handþvotti og sprittnotkun.
5. Tryggið að allir, starfsmenn og gestir/viðskiptavinir, noti grímur.
6. Upplýsið aðra starfsmenn.
7. Þrífið og sótthreinsið alla hugsanlega snertifleti og búnað þar sem viðkomandi starfsmaður gæti hafa verið eða notað.
8. Skráið niður nafn, síma, netfang og kennitölu allra sem hafa verið í nánum samskiptum við hinn smitaða og upplýsingum komið til rakningarteymis.
9. Eftir að starfsmaður er farinn á brott úr einangrun (ef hann hefur ekki getað farið strax heim) þarf að hreinsa/þrifa svæðið sem hann hefur dvalið á með sérstökum hætti sbr. [þessar leiðbeiningar](#).
10. Kallið út bakvarðasveit (aðstoðarfólk) í stað starfsfólks sem þarf að fara í sóttkví eða er veikt.